

Sýnatökur vegna gruns um COVID-19

Við sýnatökur skal viðhafa ítrustu smitgát

Við sýnatöku vegna gruns um COVID-19 skal nota eftirfarandi hlífðarbúnað:

- Veiruhelda hlífðargrímu (**FFP2**)
- Hlífðargleraugu
- Einnota hanska við umönnun og vandaða handhreinsun með handspritti (og/eða handþvotti) þegar hanskar eru teknir af.
- Nota langerma hlífðarslopp/svuntu við umönnun og meðferð.
- Ganga tryggilega frá notuðum hlífðarbúnaði í poka sem er lokað og má fara í almennt sorp.

Ef tekin eru sýni frá fleiri en einum einstaklingi í einu (í röð) skal skipta um hanska og spritta hendur milli einstaklinga. Ekki er þörf á að skipta um annan hlífðarbúnað á milli einstaklinga nema hann hafi mengast, t.d. ef sá sem sýni er tekið frá hóstar og úði berst á grímu eða ermar hlífðarbúnings.

Gætið sérstaklega að eftirfarandi:

Gerð rannsóknarstofunni viðvart tímanlega um að fyrirhugað sé að senda sýni vegna gruns um COVID-19: Sýkla- og veirufræðideild LSH, Ármúla 1a: Sími: 543-5900 til kl. 18:00 á virkum dögum og frá 12:00–16:00 á laugardögum, sunnudögum og helgidögum. Hægt er að hringja í vakthafandi sérfræðilækni í veirufræði í gegnum skiptiborð LSH, s. 543-1000.

Beiðni má gera rafrænt í cyberlab eða láta pappírabeiðni fylgja sýni. Takið fram í ástæðu sýnatöku að óskað sé eftir greiningu vegna COVID-19. Skráið símanúmer beiðanda á beiðni.

Sýnategundir:

Öndunarferasýni:

- Frá efri öndunarvegum: Háls- og nefkoksstrok.
- Frá neðri öndunarvegum: Barkasog, barkaskol eða berkjuskol, (hrákasýni).

Blóðsýni:

Bráða- og afturbatasýni að nokkrum vikum liðnum. Til greiningar á mótetnum þegar greiningarpróf hafa verið þróuð.

Sýnataka:

- Háls- og nefkoksstrok: Veiruleitarpinni (Sigma VCM-pinni, sjá mynd)
- Berkjuskol, barkaskol eða barkasog: Nokkrir ml. í dauðhreinsað glas.



Blóðsýni:

Heilblóð/sermi og EDTA-blóð í þar til gerð glös (rauður og fjólublár tappi).

Sýnasending

Merkið sýni og beiðni með persónuupplýsingum sjúklings, ásamt upplýsingum um ástæðu sýnatöku (ferðalög, sjúkdómseinkenni) og upphafsdag veikinda.

Sendist beint á sýkla- og veirufræðideild í Ármúla 1a, ef töf verður á sendingu skal geyma sýnin í kæli. Gætið þess að sýnaglös séu vel lokuð og í sýnaplasti og ytra umslagi. Sendingarflokkur sýna er UN 3373 (category B).

Gleymið ekki að gera rannsóknastofunni viðvart tímanlega um að fyrirhugað sé að senda sýni (Sjá opnunartíma að ofan).

Ekki er þörf á að senda sóttvarnalækni upplýsingar um þá sem lækna taka sýni frá, í leit að nýju kórónaveirunni. Læknirinn sem tekur sýnið, ber ábyrgð á að fylgja svarinu eftir.